

KJARVAL

20% afsláttur

529 KR. PK.

Goða grillborgarar 4 stk. m/brauði

20% afsláttur

1598 KR. KG.

Goða Hunangs grísahnakki

40% afsláttur

1798 KR. PKL.

Emmess Topp 5! 20 Ispinnar

900 g

1498 KR. PKL.

Dampo Kjúklingabringur 900 g

34% afsláttur

659 KR. PKL.

Vestfirskur Tilboðs Bitafiskur

599 KR. STK.

ISI04 Matarolla 1 l

99 KR. STK.

Egils Orka 0,5 l

599 KR. PKL.

Lucky Charms

279 KR. PK.

Mjollu Hvítt sanlökubrauð

349 KR. KG.

Melónu Gular

169 KR. PKL.

Extra tyggjó Sweet Mint og Prof. white

599 KR. PKL.

Home Plus einnota grill

699 KR. STK.

Bani 1 flugnaeitur

3x

Halda American Express kort og þú færð þetta VILDARÞUNKA.

- Sjá opnunartíma á kjarval.is -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Menningarráð Suðurlands
Styrkveitingar 2009

Ferðaþjónusta Efri-Vík - Hótel Laki
Bjarnagarður 100.000

Kvennakór Mýrdælinga Tónaflóð -
list í fögru umhverfi 100.000

Menningarfélag um Brydebúð
Þýðing sýningartexta og hljóðupptökur
200.000

Kirkjubæjarskóli Leiklist fyrir alla
250.000

Menningarmálanefnd Skaftárhrepps
Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri,
19. hátíð 500.000


Kirkjubæjarstofa verkefni 1 H ö n n u n
jarðeldasýningar á Kirkjubæjarklaustri
1.000.000
verkefni 2 Vatnajökulsþjóðgarður- land-
slagið og fólkið 150.000

Á þessu ári verður bara einu sinni úthlutað úr menningarsjóði Suðurlands. Í febrúar sl. auglýsti Menningarráð Suðurlands eftir umsóknum um styrki til eflingar menningarlífs á Suðurlandi. Alls bárust 146 umsóknir og var sótt um u.þ.b. 128 milljónir samtals. Á fundi ráðsins sem haldin var 02. apríl sl., var samþykkt að veita 105 umsækjendum styrki, samtals rúmlega 34 milljónir.

Óskum eftir

síuhólk (stærri gerðin)
í rörmjaltakerfi

uppl. í síma **659 8811**
eða á krol@emax.is



Skólaslit

Kirkjubæjarskóla

Skólaslit Kirkjubæjarskóla verða n.k.
föstudag 29. maí kl. 14 í Kirkjuhvoli.

Skólabílar keyra.
Kveðja
Skólastjóri



SMÁAUGLYSINGAR

Hvítasunnukaffi

Þann 31. maí n.k., verður Hvítasunnukaffi milli kl. 14 – 16 á Islandia Hotel Núpum.

*Ljúffengar veitingar í rómuðu umhverfi.
Allir velkomnir*

Verð f. fullorðin 1.100 kr.

Verð f. 6-12 ára 550 kr.

Frítt fyrir yngri en 6 ára í fylgd með fullorðnum.

Islandia Hotel Núpar

Islandiahotel.is



17. júní 2009 í Skaftárhreppi

Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps óskar eftir aðilum til að sjá um 17. júní hátíðarhöld í Skaftárhreppi árið 2009, gegn greiðslu. Tilvalið fyrir félagasamtök.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2009.

Umsóknum skal skila til formanns æskulýðs- og íþróttanefndar, Þorsteins M. Kristinssonar, eða á netfangið thorstkr@ismennt.is.



Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps.

Signir sól sérhvern hól,
sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð
blikar fjallsins hlíð.

Nú er fagurt flest í dag.
Fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.



Styrkur til

æskulýðs- og íþróttamála í Skaftárhreppi 2009

Æskulýðs- og íþróttanefnd Skaftárhrepps óskar eftir umsóknum um styrki til æskulýðs- og íþróttamála í Skaftárhreppi fyrir árið 2009.

Markmiðið með úthlutun styrkjanna er að efla íþrótt- og æskulýðsstarf í sveitarfélaginu.

Um styrki geta sótt félög og aðilar sem sinna íþrótt- og æskulýðsstarfi í sveitarfélaginu eða hafa með höndum aðra samþærilega starfsemi.

Umsóknum skal skila til formanns æskulýðs- og íþróttanefndar, Þorsteins M. Kristinssonar, eða á netfangið thorstkr@ismennt.is.

Greinargerð um starfsemi á síðasta ári og áætlaða starfsemi á þessu ári skal fylgja með umsókn.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2009.

Æskulýðs- og íþróttanefnd
Skaftárhrepps

Á döfinni:

31. maí n.k., Hvítasunnukaffi milli kl. 14 – 16 á Islandia Hotel Núpum.

Kynning á vatnsleikfimi konur/karlar
Dagana 30. maí-1. júní 9:00-10:00
Í sundlauginni á Klaustri.

Sumarblómasala Kvenfélags
Hvammshrepps á Sunnubraut 9 (há Málfríði) 26. maí (í dag) og hefst kl. 16:00

Reiðskólar Sindra dagana 7. júní til 13. júní í ár í Vík og í 5. júní til 11. júní í Skálakoti.

Reiðskóli Hestamannafélagsins Kóps.
7. júní og til og með 14. júní

MÁLSHATTUR VIKUNNAR

Aldei skal gráta gengna stund. Því að hún kemur aldrei aftur, henni verður aldrei breytt. Hún verður einungis endurlífud í huganum. Eins og Jóhann Sigurjónsson orti um í Bikarnum:

*Gleði, sem löngu er liðin,
lifnar í sálu minni,
sorg sem var gleymd og grafin,
grætur í annað sinn.*

Úr öskunni í eldinn

Í veislu einni snýr kona sér að sessunauti sínum og spyr:

“Hver er hann þessi einstaklega ófríði maður þarna við hinn endann á borðinu?”

“Þetta er bróðir minn.”

Úff, konan blóðroðnar og leitar í örvæntingu að einhverju til að segja. Svo kemur:

“Ó, fyrirgefið, ég hefði átt að sjá svipinn.”



Við útfall Breiðamerkurslóns á Breiðamerkursandi. Þar sundreið hópur hestamanna, að sögn heimamanna í fyrsta sinn yfir Breiðamerkurlón, en þjóðleiðin var á jökli fyrir innan lónið. Ferðinni er farin frá Höfn í Hornafirði til Selfoss og á að fara yfir öll vatnsföll á leiðinni. Hópurinn kom í Heiðardal í Mýrdal s.l. laugardagskvöld. Þeir lögðu upp frá Hörgslandi á Síðu um morguninn og eru að ljúka 80-90 km dagleið. Ferðin hefur gengið að óskum.

Hermann Árnason, sem fer fyrir hópi sjö reiðmanna á 44 hestum, sagði að ferðin hafi gengið að óskum. Sum vatnanna hafa líklega aldrei verið sundriðin áður, eins og t.d. ós Jökulsár á Breiðamerkursandi. Einnig hafa þeir lagt að baki m.a. Hornafjarðarfljót, Kolgrímu, Fjallsá, Skeiðará, Gígju, Núpsvötn, Skaftá, Kúðafljót og nú Múlakvísl. Ætlað er að klára ferðina um Hvítasunnuhelgina. Myndir og texti Jónas Erlendss.



Það þarf að sinna fóðrun hestanna og hlynna að þeim á annan hátt

Betra er að gefa...

Dag nokkurn er prestur hjá rakara, en þegar kemur að því að borga fyrir klippinguna segir rakarinn: "Þú ert guðsmaður og þarft ekkert að borga". Daginn eftir þegar rakarinn mætir í vinnuna sér hann 12 biblíur bíða eftir sér og uppgjöf allra synda.

Rakarinn gerði sér grein fyrir að þetta gæti orðið arðsamt. Þegar lögregluþjónn kemur til hans segir hann að hann sé nú laganna vörður og þurfi ekkert að borga. Næsta dag finnur hann umslag með gömlum umferðasektum á hans nafni sem búið var að ógilda.

Nú sér hann að þetta gæti orðið verulega arðsamt. Þá mætir nokkrum dögum seinna til hans ráðherra einn og hann ákveður því að gefa honum líka klippinguna.

... ..Daginn eftir bíða 12 stjórnmálamenn fyrir utan hurðina hjá honum og bíða eftir ókeypis klippingu (!)

Reiðskólar Sindra



Eins og áður kom fram verða Reiðskólar Sindra dagana 7. júní til 13. júní í ár í Vík og 5. júní til 11. júní í Skálakoti.

Reiðskólinn er fyrir alla krakka frá 6 ára aldri (fædd 2003) og kostar námskeiðið kr. 7.500.-, systkinaaafsláttur er kr. 1000.- en gjald fyrir félagi í hestamannafélaginu er kr 6.500.-

Kennarar í Vík verða Hlynur Guðmundsson og Ásta Alda Árnadóttir auk þess að þau fá aðstoð frá góðu fólki við kennsluna og umhirðu hrossanna.

Skráningar eru hafnar fyrir Reiðskólann í Vík á e-mailið isbud@simnet.is hjá Vilborgu og hjá Óskari í síma **866-1021**

Skráning í Reiðskólann í Skálakoti er hjá Dóru á e-mailið dorag@hive.is eða í síma **895-5738**

Skráning er opin til miðvikudagsins 3. júní og biðjum við fólk að virða það við okkur að vegna mikillar þátttöku undan farin ár höfum við ákveðið að taka ekki við skráningum eftir þann tíma, því er um að gera að vera tímanlega í því að ákveða sig.

Skráning er svo tekin gild við greiðslu þátttökugjaldsins sem verður að greiða fyrir föstudaginn 5. júní inn á reikning: **0317-13-2622 kt 540776-0169**

Með kveðju
Reiðskóla- og æskulýðsnefnd hmf. Sindra



Hin síðari árin hefur uppstigningardagur verið helgaður á vissan hátt málefnum eldri borgaranna í kirkjum landsins, og sviðsljósi beint að högum þeirra og kjörum, og framlagi þeirra til þjóðlífsins.

Í Víkurkirkju í Mýrdal á degi aldraðra var almenn guðsþjónusta sem sr. Haraldur M. Kristjánsson messaði, þar sem Samkór Mýrdælinga söng undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Eftir guðsþjónustuna bauð sóknarnefnd Víkursóknar öllum viðstöddum að þiggja kaffi og veitingar á Ströndinni, veitingasal Víkurskála. Þar söng Samkórinn nokkur lög við undirleik Kára Gestssonar, þá spiluðu með honum Hróbjartur Vigfússon á harmonikku og Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri sem lék á gítar.

Takk fyrir skemmtilega stund. S

Reiðskóli Kóps



Reiðskóli verður haldinn á vegum Hestamannafélagsins Kóps.

Reiðkennari verður Kristín Lárusdóttir.

Hefst hann 7. júní og lýkur 14. júní .

Í lok Reiðskólans verður haldinn Firmakeppni fyrir börn og unglunga.

Nánar auglýst síðar. **Síðasti skráningardagur í reiðskóla er 4. júní.**

Boðið verður upp á kennslu fyrir alla aldurshópa.
Reiðskólinn er líka fyrir fullorðina. Vana sem óvana.

Verð: Fyrir krakka sem eru félagsmenn í Kóp: 5000.-. Aðrir 10.000.-.

Þeir sem ekki geta útvegað sér hest sjálfir borga 8000.-
aukalega. ½ gjald fyrir annað systkini.

Innifalinn matur og gisting á Fljótum eina nótt.

Hópar geta haft samband við reiðkennara ef þeir eru með einhverjar sér óskir um stað, stund eða verkefni.

Því ekki að skrá sig í reiðskóla.

Hestamennska er holl og skemmtileg útivera.

Nánari upplýsingar og skráning í Reiðskólann er hjá Kristínu í síma **487-4725, 898-0825** eða á fljotar@simnet.is.

Sjáumst í Reiðskólanum
Hestamannafélagið Kópur



Skemmtileg mynd af Víkurþorpi tekin af Reyni Erni Eypórssyni.

Aðalfundur Dynskóga, Sögufélags Vestur-Skaftfellinga var haldinn á Ströndinni Víkurskála laugardaginn 23. maí sl.

Ritstjórn öll var endurkosin en hana skipa Anna Björg Siggeirsdóttir, Björgvin Salómonsson, Helgi Magnússon og Sigurgeir Jónsson.

Fram kom að reksturinn gengi þokkalega vel þrátt fyrir kreppu og dýrtíð í þjóðfélaginu, en það skapast m.a. af mikilli sjálfboðavinnu við starfseminu. Var því samþykkt að halda áfram á sömu braut.

Dynskógar hafa skapað sér fastan virðingarsess í héraðinu og víða utan þess, vegna vandaðs og fróðlegs efnis, sem þeir flytja. Næsta hefti ritsins er væntanlegt síðla árs 2010 að öllu forfallalaus.

Eins og áður hefur komið fram hér í Vitanum, sér Sigþór Sigurðsson í Litla-Hvammi um bókalager félagsins og eins um dreifingu innan héraðs.

Nú eru Dynskógar frá upphafi til á lager, alls 11 bindi og eins Verslunarsagan í

þremur stórum bindum, allt tilvaldar tækifærissgjafir til þeirra sem ekki eiga.

Síminn hjá Sigþóri er 487 1277 E.

Heiðlóarvísa

Snemma lóan litla í lofti bláu „dírrindf“ undir sólu syngur:
„lofið gæsku gjafarans – grænar eru sveitir lands, fagur himinhringur.

Ég á bú í berjamó, börnin smá í kyrrð og ró heima' í hreiðri bíða; mata ég þau af móðurtryggð, maðkinn tíni þrátt um byggð eða flugu fríða.“

Lóan heim úr lofti flaug ljómaði sól um himinbaug, blómi grær á grundu til að annast unga smá – alla étíð hafði þá hrafn fyrir hálfri stundu!

Jónas Hallgrímsson

FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar föstudaginn 17. apríl 2009. Fundur hefst kl. 10.00 í ráðhúsi Skaftárhrepps. Þetta er 302. fundur sveitarstjórnar, 4. fundur ársins 2009.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra.

Oddviti býður fundarmenn velkomna. Oddviti óskar eftir að eftirtalin erindi verði tekin á dagskrá: Umboð fulltrúa sveitarstjórnar til að sitja aðalfund Eldvilja ehf, sem liður I-14; Bréf frá Bændasamtökum Íslands, sem liður I-15; Fundargerð aðalfundar Eldvilja, sem liður III-11. Þetta samþykkt og gengið til dagskrár.

Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Kjörskrá fyrir alþingiskosningarnar 25. apríl 2009. Sveitarstjórn yfirfer og samþykkir kjörskrá sem liggja mun frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi.

2. Ársreikningur Skaftárhrepps 2008 - Síðari umræða Ársreikningurinn var til fyrri umræðu 16. mars 2009, undirritaður án athugasemda af endurskoðanda og skoðunarmönnum. Í A-hluta rekstrarreiknings (aðalsjóði, eignasjóði og þjónustudeild) kemur fram að heildartekjur voru 300.6 mkr, þar af 150.4 mkr skatttekjur, 110.8mkr úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur 39.3 mkr. Rekstrargjöld voru 269.1 mkr með afskriftum. Afskriftir í A hluta voru 9.4 mkr. Heildartekjur samstæðu voru 309.5 mkr, rekstrargjöld 278.9, þar af 16.8 mkr afskriftir. Fjármagnsgjöld voru 46.1 mkr og rekstrar-niðurstaða samstæðu var neikvæð um 15.5 mkr. Niðurstaða efnahagsreiknings sýnir eignir samstæðu samtals 590.1 mkr. Skuldir og skuldbindingar eru samtals 320.1 mkr. Eigið fé samtals 270 mkr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 41.8 mkr. Fjárfesting í varanlegum fjármunum var 89.8 mkr. Afborganir langtímalána voru 24.7 mkr. Tekið var nýtt langtímalán að upphæð 35 mkr. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2008 samhljóða og staðfestir hann með undirritun sinni.

3. Bréf frá menntamálaráðuneytinu 12. mars 2009: Ráðstefna 11.-12. maí 2009 um menningarsamninga við samtök sveitarfélaga.

Menntamálaráðuneytið, iðnaðaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við menningarráð landsbyggðarinnar, boða til ráðstefnu í Stykkishólmi dagana 11.-12. maí nk. Tilgangur ráðstefnunnar er að meta reynsluna af gildandi menningarsamningum og leggja grundvöllinn að frekara samstarfi ríkis og sveitarfélaga um menningu og menningartengda ferðaþjónustu. Jóna S. Sigurbjartsdóttir mun sækja ráðstefnuna f.h. Menningarráðs Suðurlands. Sveitarstjórn leggur til að formaður menningarmálanefndar sækji ráðstefnuna.

4. Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga 16. mars 2009: Málefni þjóðlendna.

María Magnúsdóttir hefur tekið við starfi sem lögfræðingur þjóðlendumála, staðsett við embætti sýslumanns Snæfellinga í Stykkishólmi. Óskað er eftir upplýsingum um samninga vegna mannvirkja í þjóðlendum og önnur landnýtingaráform. Sveitarstjórn þakkar þær upplýsingar sem fram koma í bréfinu og vísar málinu til starfandi vinnuhóps um skipulagsmál til frekari umræðu.

5. Bréf frá Neyðarlínunni 18. mars 2009: Fjarskiptasendir á Herðubreiðarhálsi Óskað er eftir heimild til að setja upp neyðar- og fjarskiptasendi á Herðubreiðarhálsi sem lið í uppbyggingu nýs fjarskiptakerfis, Tetra. Verkið er unnið í samstarfi við björgunarsveitir, lögreglu og aðra viðbragðsaðila en einnig í samstarfi við Vodafone og Símann sem munu koma fyrir GSM sendi á sömu stöðum. Sveitarstjórn samþykkir þessa framkvæmi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa / skipulags- og byggingarnefnd að annast meðferð málsins fyrir sveitarfélagið.

6. Próunarfélagið Skaftárorka: Niðurfærsla á hlutafé. Ákveðið hefur verið að lækka hlutafé Próunarfélagsins Skaftárorku ehf úr 5 mkr í 0.5 mkr. Hlutur Skaftárhrepps verður þá kr. 50.000. Sveitarstjórn samþykkir breytinguna.

7. Fundarboð á aðalfund Byggðasamlags Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum miðvikudaginn 15. apríl 2009 á Moldnúpi. Sveitarstjórn staðfestir umboð Gísla Kjartanssonar sem fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfundi Byggðasamlags Green Globe 21 þann 15. apríl 2009

8. Ársreikningur Klausturhóla 2008

Í rekstrarreikningi kemur fram að heildartekjur voru 115.2 mkr, þar af 94.1 mkr framlag úr ríkissjóði, um 21 mkr aðrar tekjur sem að mestu eru frá Tryggingastofnun og ríkissjóði. Rekstrargjöld voru um 120 mkr. Fjármagnstekjur voru 1.5 mkr rekstrarniðurstaða samstaða í heild neikvæð um 3.5 mkr. Niðurstaða efnahagsreiknings sýnir 14.9 mkr eign, skuldir og skuldbindingar samtals 23.9 mkr og eigið fé því neikvætt um 8.9 mkr. Veltufé frá rekstri er 51.5 þkr og handbært fé í árslok 14.4 mkr.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Klausturhóla 2008 samhljóða og staðfestir hann með undirritun sinni.

9. Endurskoðun aðalskipulags: Umhverfisskýrsla / matsskýrsla - Drög.

Fyrirliggjandi drög eru útlínur að matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi. Sveitarstjórn er samþykk þeim áherslum og því vinnulagi sem drögin gera ráð fyrir, með fyrirvara um tímætlan.

10. Samþykkt frá aðalfundi Landgræðslufélags Skaftárhrepps 31. mars 2009.

Ítrekuð er áskorun frá síðasta aðalfundi til sveitarstjórnar Skaftárhrepps að vinna að því að þegar verði ráðinn héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins í Skaftárhrepp og með fasta búsetu í hreppnum. Jafnframt stuðli sveitarstjórn að því að áfram verði hentugt skrifstofuhúsnæði til afnota fyrir héraðsfulltrúann á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn styður afstöðu Landgræðslufélagsins heilshugar og hefur komið tilmælum um ráðningu héraðsfulltrúa margsinnis á framfæri við Landgræðsluna og mun halda áfram að fylgja málinu eftir.

11. Erindi frá Skipulagsstofnun 30. mars 2009: Umsagnarbeiðni: Rennslistýring í Eldhrauni við Árkvíslar. Sveitarstjórn hefur borist umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna rennslistýringar í Eldhrauni við Árkvíslar. Í umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar er vísað til 6. greinar laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum og liðar 10e í 2. viðauka laganna sem segir að "stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæði" séu framkvæmdir

sem kunni að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka nefndra laga.

Umsögn sveitarstjórnar er svohljóðandi: *Sveitarstjórn telur ekki nauðsynlegt að framfari mat á umhverfisáhrifum vegna umræddrar framkvæmdar. Framkvæmdin felur ekki í sér neinar nýjar aðgerðir eða mannvirkjagerð og áhrif hennar eru allvel þekkt. Talið er að rennsli um "þriðja rörið" yfir vetrartímann geti haft jákvæð áhrif á vatnsbúskap í Landbroti og Meðallandi og ekki er talið að sú rennslisaukning sem því fylgir hafi umtalsverð skaðleg áhrif á þetta náttúruverndarsvæði.*

Eins og fram kemur í erindi Skaftárhrepps til Skipulagsstofnunar er veiting vatns úr Skaftá út á Eldhrauni til umfjöllunar í tengslum við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjórn telur rétt að það mál í heild sinni komi þá til nánar skoðunar m.t.t. mats á umhverfisáhrifum.

Opnun "þriðja rörsins" yfir vetrarmánuðina ein út af fyrir sig er ekki tilefni mats á umhverfisáhrifum eins og mál standa nú.

Sveitarstjórn samþykkir þessa bókun en Elín Heiða Valsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins og óskar eftir að eftirfarandi sé bókað:

Fyrir fundi liggur tillaga um umsögn Skaftárhrepps vegna erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 30. mars sl. Tilefni þess að Skipulagsstofnun sendir sveitarfélaginu þetta erindi er bréf frá sveitarstjóra Skaftárhrepps til stofnunarinnar, dags. 25. mars sl., þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða veitingu vetrarvatns úr Skaftá út á Eldhraun með tímabundinni rennslisstýringu um "þriðja rörið" svokallaða við útfall Árkvísla.

Það er ekki hlutverk Skaftárhrepps að sækja um leyfi til að veita vatni úr Skaftá út á Eldhraun á þeim forsendum sem tilgreindar eru í bréfinu frá 25. mars. Telji einstakir hagsmunaaðilar, eins og t.d. landeigendur í Landbroti, mikilvægt að slík veita eigi sér stað er það þeirra að sækja um viðeigandi leyfi og afla samþykkis þeirra réttthafa sem um getur verið að ræða. Sveitarstjórn getur þá sem umsagnaraðili látið

framkvæmdaraðilum og viðeigandi leyfisveitendum í té sitt álit á því hvað hún telji að samræmist hagsmunum sveitarfélagsins. Slík ósk landeigenda eða annarra réttthafa liggur hins vegar ekki fyrir til umfjöllunar. Sagan sýnir að veiting vatns út á Eldhraun um sk. "þriðja rör" getur valdið tjóni á gróðri og mannvirkjum. Með frumkvæði að slíkri vatnsveitu gæti sveitarfélagði bakað sér bótaábyrgð.

Með vísan til þess tel ég ekki eðlilegt að Skaftárhreppur sem slíkur sækji um leyfi til að veita vatni út á Eldhraun og sit því hjá við afgreiðslu málsins.

12. Bókun samþykktar sveitarstjórnar 14. apríl 2009 um erindi frá umhverfisráðuneytinu 3. apríl 2009: Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs, breyting á reglugerð nr. 608/2007.

Borist hefur erindi frá umhverfisráðuneytinu dags. 3. apríl 2009 um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs í Skútustaðahreppi og í Sveitarfélaginu Hornafirði. Skaftárhreppi er gefinn kostur á að gera athugasemdir. Sveitarstjórn Skaftárhrepps fjallaði um málið 14. apríl 2009 og samþykkti eftirfarandi:

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á reglugerð nr. 608/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð.

13. Tilnefning varamanns í kjörstjórn fyrir alþingiskosningarnar 25. apríl 2009 Sveitarstjórn samþykkir að skipa Kjartan Kjartansson varamann í kjörstjórn vegna alþingiskosninganna 25. apríl nk.

14. Aðalfundur Eldvilja 14. apríl 2009: Umboð fulltrúa Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn staðfestir umboð Jónu S. Sigurbjartsdóttur sem fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfundi Eldvilja ehf 14. apríl 2009.

15. Bréf frá Bændasamtökum Íslands 15. apríl 2009 : Kynning á skýrslu milliþinganevndar búnaðarþings um fjallskil; Tilmæli um endurskoðun fjallskilasamþykktar.

Sveitarstjórn vísar málinu til héraðsnefndar sem fjallar um mál er varða fjallskilasamþykktar Vestur- Skaftafellssýslu.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 61. fundur skipulags- og byggingarnefndar 14. apríl 2009.

Fundargerð samþykkt. Sverrir Gíslason tekur ekki þátt í afgreiðslu varðandi máll í fundargærðinni.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 282. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 4. mars 2009, ásamt minnisblaði

2. 113. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 16. mars 2009

3. 117. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 17. mars 2009

4. 422. fundur stjórnar SASS 19. mars 2009

5. 7. fundur stýrihóps Byggðasamlags Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu 24. mars 2009

6. 33. fundur Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 25. mars 2009

7. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf fyrir 2008, haldinn 20. mars 2009

8. 762. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26. mars 2009

9. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands fyrir 2008, haldinn 31. mars 2009

10. 283. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 1. apríl 2009, ásamt minnisblaði

11. Aðalfundur Eldvilja ehf 14. apríl 2009

IV. Annað kynningarefni.

1. Almenna verkfræðistofan 5. mars 2009: Ráðgjöf við orkusparnað og val á húshitunarkostum

2. Lög um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, m.s.b.

3. Menntamálaráðuneytið 26. mars 2009: Ákvæði til bráðabirgða um samræmd könnunarpróf í 10. bekk vorið 2009 fellt brott

4. Afrit af bréfi til eigenda jarðarinnar Kirkjubæjarklausturs: Fundarboð, þriðjudaginn 21. apríl 2009 kl 13:00

5. Háskólinn á Akureyri 2. apríl 2009: Vímuefnaneysla íslenskra unglinga í alþjóðlegum samanburði 1995-2007; Skýrsla, mars 2009

6. Íslenskar orkurannsóknir: Ársskýrsla 2008

V. Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl 16:15. Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 18. maí 2009 og hefst fundurinn kl. 14:00. Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinsson